



Bréfa- og málasafn 1959, seinni hluti

Bjarni Benediktsson – Stjórnmal – Alþingismaður – Ritstjóri – Bréf – Einar Sigurðsson – Eiríkur Briem – Gestur Jóhannsson, *Rafvæðing Austurlands*, greinargerð – Jóhann Grétar Hinriksson – Magni Guðmundsson – Hagstofa Íslands: hækkun vísitölu, útgjaldaaukning, greiðsluafgangur, niðurgreiðsla; til athugunar: umframgreiðslur, dýrtíðarráðstafanir, fjárveitinganefnd

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmalamaðurinn
Askja 2-24, Örk 4

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík, 8. febrúar 1959.

Kæri hr. ritstjóri,

Mig hefir um skeið langað til þess að leggja fyrir yður til vinsamlegrar íhugunar atriði varðandi kjördæmamálið - að undangengnum örlitlum formála.

Það er persónuleg skoðun mín, að Sjálfstæðisflokkurinn stigi hæpið spor, ef hann gerir hlutfallskosningar, gamalt og nýtt baráttumál allra smáflokka, að sínu máli. Fá og stór kjördæmi ásamt uppþótarkerfi, afbrigði hlutfallskosninga, munu fyrst og fremst efla andstæðinga lýðveldisins (kommúnista), það er auðreiknað dæmi, enda mun ekki standa á liðsinni þeirra við breytingar í þessa átt. Nægir það eitt mér til þess að vera málinu fráhvrefur. En veigamest er að sjálfsögðu hin alkunna staðreynd, að hlutfallskosningar stuðla að vexti og fjölgun smærri flokka og flokksbrota með þeim afleiðingum, að myndun ríkisstjórna gerist æ erfiðari, en þær, sem loks tekst að setja saman, ekki ósjaldan með aðferðum kaups og sölu, eru tíðum valtar í sessi og án bolmagns. Margt lýðveldið hefir farið forgörðum af þessum sökum, og sjálfir höfum við Íslendingar nú þegar slæma reynslu. Hér hefir verið viðloðandi stjórnleysi síðan 1942. Það var táknrænt, að svo að segja um leið og "uppþótarmennirnir" tóku sér sæti á Alþingi, varð hin tíu alda gamla stofnun ófær um að mynda ríkisstjórn, og gesti varð að fá til þess að lýsa yfir lýðveldi á þingvelli 1944. Síðan hefir verið samið til vinstri og hægri á víxl, flokkaliðanur hafa ruglazt, stjórn mála-áhugi almennings hefir dvínað, en efnahagur þjóðarbúsins jafnt og þétt sigið á verri veg. Kaupmáttur gjaldmiðilsins er nú til jafnaðar mjög nærri 1/20 hluta þess, sem hann var fyrir stríð (1939). Krónan hefir þannig lækkað í gildi um sjálfa sig tuttugu sinnum á tuttugu árum. Þegar þess er gætt, að þjóðinni hafa á greindu tímabili borizt í hendur tröllslegar fjárhæðir utan eigin framleiðsluverðmætis, verður að viðurkenna, að útkoman hjá okkur er heimsmet í óstjórn.

Nú virðist meira en ósanngjarnt að skella skuldinni á íslenska stjórnmalámennt, er séu svo miklu síðri stéttarbræðrum sínum í öðrum löndum. Hér er um að kenna hinni veiku stjórnskipan, kerfi hlutfallskosninga, sem þegar í gildandi formi útilokar myndun sterkrar og ábyrgrar ríkisstjórnar eins flokks. En fyrirhuguð breyting er enn lengra skref í vandræða-átt.

Kem ég þá að því, sem fyrir mér vakti með bréfi þessu: Eg vildi vekja athygli á því, að kjördæmaskipunin er í raun réttari ekki mál þingmanna, því að þeirra er ekki að dæma í eigin sök, - að setja reglur um það, hvernig þeir sjálfir skulu kosnir á þing. Þarna á að skírskota til þjóðarinnar. Kjördæmamálið á að hverfa af dagskrá flokkanna og undan áróðursvaldi þeirra, en þjóðaratkvæðagreiðsla skyldi látin skera úr um það sérstaklega, hvort landi skuli gert

(a) að einu kjördæmi með hlutfallskosningum, (b) að fáum, stórum kjördæmum með uppbotarþingsætum eða (c) að einmenningskjördæmum án uppbotarþingsæta. Slík þjóðaratkvæðagreiðsla gæti farið fram á undan næstu alþingiskosningum og Alþingi síðan látið framkvæma þjóðarviljann fyrir þingrof, ellegar samfara næstu alþingiskosningum, sem sjálfar eiga að snúast um efnahagsmálin.

Með þeirri breytingu, sem fyrirhuguð er í samstarfi við Alþýðuflokkinn, er Framsóknarflokknum að óþörfu gefið gullið tækifæri til kosningasigurs. Í annan stað er því ekki að treysta, að Alþýðuflokkurinn endist til þess að leiða málið til lykta, því að hann er eins líklegur til þess að þurrkast út af þingi í næstu kosningum, og er þá við kommúnista eina að eiga. Ofanrituð tillaga kann því að reynast ekki óviturleg lausn, og þetta vildi ég einmitt biðja yður að athuga. -

Eg lét til gamans fylgja uppkast, sem ég gerði eitt sinn að kerfi einmenningskjördæma, við það miðað að útiloka næstum alveg þann möguleika, að minnihluta-flokkur með þjóðinni geti öðlazzt meirihluta á þingi, en þá er öllu réttlæti fullnægt. Hlutfallskosningar virðast helst eiga fylgi að fagna meðal sumra ungmenna, sem eru værukærir, baráttudeigir, fýsandi þess að fljóta inn á þing á tryggu flokksfylgi fremur en í keppni og átökum við andstæðing, en þetta eru úrkynjunarmerki, sem jafn vel einnig má rekja að nokkru til hinna spilltu stjórnarháttanna af völdum hlutfallskosninga. Eitt aðal-einkenni hlutfallskosninga er einmitt það, að flokksfylgið "stagnerar". Hinar snöggu sveiflur þess í löndum einmenningskjördæma, svo sem Kanada, USA og UK, vera vott um gróanda.

Leyfið mér að lokum að þakka yður útvarpserindi um daginn, sem mér þótti ágætt. Þér bentuð m.a. á þá athygliverðu staðreynd, að vinstri flokkarnir hafa með lögum um útflutningssjóð til frambúðar velt halla atvinnuveganna yfir á almenning. Skrítnir þjóðnýtingarflokkar, sem slá ekki eign alþjóðar á atvinnutækin sjálf, heldur á rekstrartap þeirra.

Með vinsemi og virðingu,

Maqni S. Gunnarsson

Reflavíkur Flugvelli. 29 Apríl 1959

Hr. Bjarni Benediktsson

Heilir og bælir Kari velgjæfar maður minn
Ég veit ekki hvornog ég á að ávarpa yður.
Nær sámi væri að kalla yður lifgjafa minn
því þá ómetanlegu hjálp er þér veitt með
þess domsmála ráðherra á sínum tíma.

Ég segi hjálp því að hefði ég átt að applana
þær refsingar sem ég hef þennilega átt skild
Samkvæmt Íslenskum lögum og östráðum lögum
mannfélagsins þá væri ég ekki eins vel settur
og vel liður af meðlæðrum vorum. Því ég er
þræddur um að "Bakkus" komungun. hefði þá
sigrað mig að fullu. Hann náði að vísa undir-
-stökunum um tíma, sökum veikleika minns og
döngvæindar blindu. Ég er ekki að reina að
þelja yður því um að ég sé orðinn einhver
Engill. En það get ég sagt með þreimmi
þannvirku að ég er orðinn armur og betri
maður en ég var. og hef orðið yfir höndum
í vider eigninni við "Bakkus". Þó ég bragði afeng
lundrum og eins í litlum mál.

Þó hef ég gerst sekur um að brjóta lög
sem við mennirnir þöfum settu okkur að fara

eftir. og þú mýður oftast en einu sinni
eða fjórum sinnum alls á 5 og 1/2 ári sem ég
þ hef unnið hér á vellinum. 3 fyrir smaraguleg
Tollafbrót. og einu sinni fyrir Tollafbrót í
hagmadar skini. eða nánar tiltekið 25 lengjum af
Vindlingum. Sem ég kepti af hermönnum og
alltá selja síðan og hagmast láttu á.

Ég held að það sé ekkert lítið mjög strangum.
aga augum á þess háttar afbrót. en þú er best
að halda sig utan við öll laga brót hvaða
röfnum þau annars nefnast

Ég hef um langan tíma alltaf mér að tala
við þú eða þá skrifa. Til að votta þú
mitt einfaga þakklæti fyrir það sem þú gerðust
fyrir mig og einnig láta þú vita að það var
mér til ^{gáta} og þar þann árangur sem ég veit að
þú hefur vonast eftir. Ég er viss um að það
er oft betra að leggja vandanáttiggin á hilluna
og sína þeim traust og gefa þeim tækifæri
að sjá sig um þótt er þessa lent á villi götum
en þú mýður um margir sem láta sér aldrei
segjast. og semnilega er vont að velja þarna á
milli. Þú langar til að láta þú vita að ég

þef aldrei farnið neitt lög brot að yfirleigdu
náði. og læt þú stöðvar minni við forföruna.

Mig langar þú, að endingu, að segja yður að
síðan ég hætti þínu hollulega drikktju svelli
þefni mér farnast. vel. ég byrjaði að vinna með
þjá Norðmálalidinu (USAF) fyrir rúmum fimm árum
sem öku matar en vann mig þessa samantapp
og er nú yfirvæktgjafi í umferðarmidstöðinni þjá
Norðmálalidinu (Base Motor Pool) og þef verul þad í
áum 2 ár.

Mikið langar mig þú að geta lausad yður
þjálpina á einhverjum hátt en ekki veit ég
þvermig þad má verða. en þú þefst þóð þaratta
um völdin í landinu og ef þú heldur að ég
geti orðit að einhverju lídi fyrir flokkinn
okkar þ. að einhverju leiti þa er ég veidur -
þeirinn þvenar sem er. Lífi stefna þjálfstabis
mannna. Eg vonast svo að þú þat þessum línum
minum eins og þú er allast og sem þú minnar mál.

Yðar einlægur, aðlaandi,
Johann Lætar Hinniksson,
Summuhlid. Innvi. Njarðvík.

áður Njalsgötu 77
Reykjavík

Hagstofan hefur gert nýja áætlun um hækkun vísitölunnar frá 1. febrúar til 1. nóvember þessa árs. Þar er gert ráð fyrir, að kaupgjaldsvísitalan muni hækka um 7 stig fyrir 1. maí. Til viðbótar er búið við hækkun á c.i.f.-verði innfluttra vara og nokkurri breytingu til hækkunar á innlendu verðlagi, sem ekki er reiknað með í áætluninni. Af þessum sökum er hækkunin alls áætluð 8-9 stig, og reiknað með 9 stigum, þegar niðurgreiðsla og útgjöld ríkissjóðs eru áætluð.

Vegna óvissunar, sem viðbótarhækkunin er undirorpin, ætti ekki að vera ástæða til að breyta áætlun Viðskiptamálaráðuneytisins um 8 stiga niðurgreiðslu. Auk þess er það atriði ót af fyrir sig, hvort áskillegt er talið, að greiða niður vegna erlendra hækkana á innfluttum vörum.

Í áætlun Viðskiptamálaráðuneytisins var tilgreint, hvert smásluverð hinna niðurgreiðdu vara yrði með 7,3 stiga aukningu á niðurgreiðslu og gert ráð fyrir 0,7 stiga niðurgreiðslum til viðbótar vegna væntanlegra hækkana á verði þeirra.

Nú eru þær verðhækkningar komnar fram og séu þær greiddar niður, verður áætlunin þannig:

Áætlun um 8 stiga aukningu á niðurgreiðslu frá apríl-
lokum, og útgjaldaaukningu ríkissjóðs til ársloka af þeim sökum:

	Lækkun smá- söluverðs á einingu kr.	Smásöluverð, eftir niður- greiðslu kr.	Lækkun vísitölu stig	Kostnaður ríkissjóðs til ársloka milj. kr.
Smjör	11.20	ca.29.30	0.86	4.0
Smjörlíki	1.20	" 4.00	0.34	1.2
Kindakjöt	4.20	" 20.00	3.57	10.9
Saltfiskur	1.20	" 4.00	0.36	0.7
Mjólk	0.60	" 2.85	<u>2.85</u>	<u>12.4</u>
			7.98	29.2

Vegna þessara niðurgreiðslu mundi ríkissjóði sparast 9,5
milj. kr., ef gert er ráð fyrir að vísitölustigið kosti hann 1,8
milj. kr., en 7.9 milj.kr. með 1,5 milj. kr. kostnaði á stig.
Nettókostnaður ríkissjóðs yrði í fyrra tilfellinu 29,2 - 9,5 = 19.7
milj. kr. og í síðara tilfellinu 29.2 - 7.9 = 21.3 milj. kr.

Hér er að sjálfsögðu reiknað með sparnaði við það að komið
er í veg fyrir afleiddar hækkanir kaupgjaldsvísitölnunnar, eins og þær
eru áætlaðar af Hagstofunni.

Vegna óvissu um verðhækkanir n.k. sumar og haust má teljast
ráðlegt að bíða með frekari áætlanir um niðurgreiðslur, þar til allar
aðstæður liggja ljósar fyrir.

Árlegur kostnaður ríkissjóðs af 12 stiga niðurgreiðslu
er áætlaður ca. 64 milj. kr., en sparnaður á útgjöldum tæplega 22
milj.kr. miðað við 1.8 milj.kr. útgjald á stig og 18 milj. kr. miðað
við 1.5 milj.kr.

Nettókostnaðurinn er í fyrra tilfellinu 42 milj. kr.
og í síðari tilfellinu 46 milj. kr.

21/3*56

Til athugunar:

1. Ráðstafað hefir verið af greiðsluafgangi ársins 1955 47 millj. kr., en alltaf hefir verið talið, að hann yrði mun meiri. Er ekki hægt að taka eitthvað af því fé?
2. Ekki liggur enn fyrir sundurliðað, hversu háttáð er umframgreiðslum ársins 1955, en fjármálaráðherra hefir áætlað þær ca. 63 millj. kr. alls. Umframgreiðslur árið 1954 urðu rúmar 90 millj. kr., þar af tæpar 47 millj. kr. á rekstursreikningi eða ca. 11.1 %. Minni umframgreiðslur 1955 stafa m.a. af því, að minni upphæðir voru á heimildargrein en árið áður.

Á fjárlögum ársins 1956 eru mjög litlar upphæðir á 22. gr., að undanteknum ráðstöfunum greiðsluafgangs 1955. Umframgreiðslur ættu því alls ekki að þurfa að aukast á þessu ári að óbreyttum aðstæðum og þegar þess er gætt, að um það bil helmingur umframgreiðslanna er á "eignahreyfingum" ætti á erfiðleikatímum að vera hægt að spyrna þar meir við fótum. Ýmsar umframgreiðslur síðustu árin bera það nokkuð með sér, að vitað hafi verið að afkoman yrði góð, svo að hægt væri að leyfa sér meira

af þeim sökum.

Loks má á það benda, að við afgreiðslu fjárlaga nú hafa kostnaðarliðir yfirleitt verið áætlaðir það ríflega, að ekki ætti að verða þörf umframgreiðslna í rekstri ríkisins, að óbreyttri vísitölu.

3. Samkvæmt áætlun fjármálaráðherra og fjárveitinga- nefndar er gert ráð fyrir um 35 millj. kr. hærri tekjum á árinu 1956 en fjárlög bera með sér og er þetta gert til þess að mæta óvissum útgjöldum. Er þá reiknað með sömu tekjum ríkissjóðs á árinu 1956 og 1955 (að undan- skyldum nýju tollunum). Án efa eru svo tekjur af nýju tollunum hóflega reiknaðar í fjárlög- unum.

4. Á undanförunum árum hafa dýrtíðarráðstafanir (niðurgreiðslur o.fl.) jafnan verið framkvæmdar í stærri stíl en fjárlög gerðu ráð fyrir.

Umframgreiðslur á 19. gr. til dýrtíðar- ráðstafana hafa verið:

1954 - 6 millj.

1953 - 12 millj.

Hér er aðeins um beinar greiðslur til þessara parfa að ræða, en í öðrum umfram- greiðslum hafa jafnan verið háar upphæðir vegna erfiðleika atvinnuveganna og vegna

launahækkana af völdum aukinnar dýrtíðar.

Þótt teflt kunni að vera á tæpt vað
að taka milljónatuga útgjöld á ríkissjóð til
að halda niðri vísitölunni, virðist þó teflt
á enn tæpara vað með að hafast ekkert að.

Til Bjarna Benediktssonar, ritstjóra
Frá Eiríki Briem

Hjálagt fylgir grein Gests Jóhannssonar um rafvæðingu Austurlands.

Um þessa grein vil ég leyfa mér að segja þetta:

1. Í upphafi bendir Gestur á, að hraðinn í rafvæðingunni sé of mikill miðað við fjárhagsgetu þjóðarinnar. Þetta er vafalítið rétt, en persónulega finnst mér að þessi ábending eigi ekki að koma nú.
2. Þá segir Gestur að árið 1947 hafi Sigurður Thoroddsen og Höskuldur Baldvinsson talið virkjun Fjarðará heppilegasta. Hins vegar hafi síðar Grímsá einnig verið athuguð og hún valin. Þetta var rangt, segir Gestur.

Það má enn deila um það, hvor áin hafi verið heppilegri, Fjarðará eða Grímsá, og vissar ábendingar Gests um það að auka megi aðrennslið í Fjarðará eru vafasamar. Mín persónulega skoðun er nú sem fyrr, að leggja hefði átt línu frá Laxá og þannig ~~og virkja þannig~~ hvorki Grímsá eða Fjarðará, en á þá leið minnst Gestur ekki.

3. Gestur segir að lokum, að nú sé bezt að taka til óspilltra málanna og virkja Fjarðará. Þetta verður ekki skilið á annan veg en að hann telji að þar með sé rafveitumálum Austurlands borgið.

Ég er viss um að þetta muni mönnum á Austurlandi þykja smátæk tillaga, auk þess sem það er mín sannfæring að hún sé röng. Ég held því að það sé ekki heppilegt að hún komi fram í Morgunblaðinu, a.m.k. ekki núna.

Kær kveðja

23.6.1959

E.B.

Rafmagnsmálin hafa verið allmikið á dagskrá nú um skeið, bæði í útvarpsumræðunum og viðar. Ekki verður um það deilt, að rafvæðing sveitabýla og sjávarþorpa, á jafnskómmum tíma og ráð er fyrir gjört, er risafyrirtæki, miðað við fjárhagsmöguleika Íslands og aðstöðu alla.

Eins og allir vita kosta orkuver, ásamt straumbreyturum og aðallinum, til hinna dreifðu byggða, geysilegar fjárfúlgur. Ennfremur kosta leiðslur í bæjar- og útihús stórfé, ásamt tilheyrandi rafmagnsáhöldum. Enginn hugsandi maður mun þó harma það, að í þessar framkvæmdir var ráðist, því að þarna er um að ræða svo stórkostlegt hagsmuna og menningarmál, sem snertir alla landsmenn, beint og óbeint. Aftir á móti má deila um það, hvort ekki hefði verið hyggilegra að ætla ~~fisika~~ lengri tíma til þessara framkvæmda, en ráð er fyrir gjört. Við sem erum uppaldir við litla oliulampa í baðstofum og lýsislampa í öðrum bæjarhúsum, eigum erfitt með að skilja þann mikla hraða, sem þarf að vera á öllum hlutum, án tilits til þess hvort fé er fyrir hendi til framkvæmdanna, eða ekki.

Þar sem rafvæðingin er slikt risafyrirtæki veltur á miklu, að allar framkvæmdir séu byggðar á nákvæmum athgunum og umsögn þeirra sérfræðinga, sem vér höfum á að skipa í þessum málum. Enda verði engin stjórnmalaleg, eða ónnur annarleg sjónarmið, til þess, að trufla eðlilegan og sem hagkvæmastan gang þessara mála.

Það hefir frá upphafi verið vitanlegt, að rafvæðing á Austurlandi yrði erfið og kostnaðarsöm, vegna skorts á heppilegri vatnsorku. Yfirleitt munu vonir manna hafa beinst að Lagarfljóti, og það talið líklegast til þess að geta fullnægt orkuþörfinni í framtíðinni. Hinsvegar virðist nánari athugun þessara mála, því miður, hafa leitt í ljós, að í sambandi við virkjun þessa stóra vantsenfalls kæmu til greina ýmsir tæknilegir erfiðleikar, sem erfitt yrði að yfirstiga.

Á sínum tíma voru gjörðar allitarlegar rannsóknir og athuganir, í sambandi við þau vatnsföll hér eystra, sem talið var að helzt kæmu til greina.

Útkoman á þessum athgunum var sú, að verkfræðingarnir Höskuldur Baldvinsson og Sigurður Thoroddsen skiluðu árið 1947 álitsgerðum og áætlunum, í sambandi við eftirgreind fallvötn:

Lagarfljót, Fjarðará, Gilsvötn og Sandvatn.

Álitsgerðir þessar eru mjög ítarlegar, enda rúmlega áttatíu vélritaðar blaðið, auk uppdrátta. Engin tók eru á að rekja þessi mál nánar í stuttri blaðagrein. Hinsvegar leyfi eg mér að benda þeim mönnum á, sem kunna að hafa áhuga fyrir þessum málum, að í 5. tlbbl. "Gerpis" frá árinu 1947 og 2 tlbbl. 1948 eru birtir útdrættir úr áætlunum sérfræðinganna, ásamt mjög glöggri og fróðlegri greinargjöro, eftir ritstjóra blaðsins hr. Gunnlaug Jónasson.

Í niðurlagsorðum verkfræðinganna er gjörður samanburður á hæfni framan- greindra fallvatna til virkjunar. Leyfi eg mér að tilfara hér lokaorð þessarar greinargjöroar, sem vissulega talar sínu máli:-

"Eins og fyr var bent á, væri heppilegt að virkja þao stórt, að virkjun -in yrði sem fyrst fullnytt og að stækkunarmöguleikar væru fyrir hendi. Vör höfum áætlað orkuþörfina, nú og í nánustu framtíð, um 4500 túrbínustöfl. Engin þeirra virkjunartilhagana, sem vér höfum áætlað, er af þessari stærð. Virkjun Fjarðarár á tveim stöðum 6200 og 3200 hö. og virkjun Sandvatns, eru næstar því að fullnægja þessu skilyrði. En hvorug stærðin t.d. í Fjarðará er heppileg. Efri virkjunin 3200 hö. yrði sennilega mjög fljött of litil, en hætt væri við að neðri virkjun -in þar myndi þerjast í bökkum fjárhagslega fyrstu árin.

Að öllu þessu athuguðu teljum vér þó akjósanlegast að ráðast í virkjun Fjarðarár. Í Fjarðará eru stækkunarmöguleikar. Vatnsmagn hennar hefir verið mælt, svo um mikla óvissu um aflið er ekki að ræða. Allir staðhættir til virkjunar eru þægilegir, vegur að öllum aðalstíflustæðum og langleiðina meðfram pípuleiðinni, og stíflustæðin eins góð og á verður kosið, hvað undirstöðu snertir."

Menn eru beðnir að taka vel eftir því, að efri virkjunin í Fjarðará er talin óheppileg vegna þess að hún muni fljött reynast ófullnægjandi, en neðri virkjunin (6200 hö.) óheppileg vegna þess, að ekki myndi þurfa að nota alla orkuna fyrstu árin, og virkjunin þannig þerjast í bökkum fjárhagslega. eða þangað til orkan yrði fullnytt. Ekki er gjört ráð fyrir að óttast þurfi vatnsskort, ef stíflan við Heiðarvatnið er hækkuð upp í níu metra, en aðstaoð til stíflugerðarinnar talin mjög góð.

III.

I álitsgæðu verkfræðinganna er ekki minnst á Grimsá, endá öllum víðanlegt, sem eitthvað þekkja til, að hún er með öllu ófullnægjanda, til þess að meta orkuþörfinni, eins og reynslan hefi nú sannað ábreifanlega. Fallvatn, sem getur horfið gjórsamlega fyrirvaralítið, bæði vetur og sumar, er sannarlega ekki mikils virði, til þess að meta orkuþörf Austurlands. Það hefir verið talað um að Grimsá hafi brugðist. Þetta er mesti misskilningur. Það er ekki Grimsá sem þrást, en aftur á móti þeir menn, sem völdin höfðu og þessum málum hafa ráðið. Vissulega er syndabaggi þeirra stór og þungur og er mesta furða að þeir skuli ekki bognar undir honum. Þessi mál láu þó ~~þó~~ ljóst fyrir. I álitsgæðu ~~verkfræðing~~ verkfræðinganna er efri virkunin í Þjaroará talin óheppileg, vegna þess að hún muni ekki skila nema 3200 h. sem sé svipaðri orku og Grimsá er ætlað að framleiða, þegar best lætur. Virðist vera nokkur mótsögn í þessu, sérstaklega þegar algjörlega gjórsamlega, bæði í þurkum og frosthörkum, athugað er, að Grimsá getur brugðist ~~gjórsamlega~~, bæði i þurkum og frosthörkum,

Maður hlýtur að spyrja. Hver réði því að Grimsá var virkjuð og hversvegna var það gjört, þvert ofan í allar athuganir og staðreyndir? Svona mistök eru dýr og vekja þessutan óhug^{vantraust} og ~~trötryggni~~ og ~~trötryggni~~, þetta er ekkert einkamál, Hvorki Seyðisfirðingane Austfirðinga í heild. Svona mistök koma niður á þjóðinni allri og eru með öllu óskiljanleg og óafsakanleg.

Ýmsar tölur hafa verið nefndar, í sambandi við framkvæmd Grimsá-
viðskjunarinnar, jafnvel alltaf áttatíu milljónir, og er þó ymsu ólokio ennþá. Sé þessi upphæð nálægt því að vera rétt, verður hestaflið nokkuð dýrt.

Viðvíkjandi Fjarðará, byggjast áætlanir verkfræðinganna á því, eins og áður fram tekio, að Heiðarvatnið verði hækkað um niu metra. Hinsvegar er ekki gjört ráð fyrir, að aðrennsli í þao verði aukio, þó virðast vera möguleikar til þess að auka vatnsmagnio verulega, og eru tvær leiðir til þess. Með því myndi vinnast tvennt, sem sé auknir möguleikar til orkuvinnslu og jafnframt tryggari orka, alla tíma ársins. Í Gilsá renna tvær kvislar, innri og ytri Kötluár, og mun vatnsrennsli í þeim vera nokkurnvegin öruggt allt árið. Báðar þessar kvislar mun vera hægt að leiða í Heiðarvatnið. Óskar sál. Árnason, rafveitustjóri athugaði þessa möguleika fyrir nokkrum árum, ásamt Þorbirni Arnoddssyni, en Þorbjörn er allra manna kunnugastur á þessum slóðum og þessutanmjög athugull og hygginn maður. Þöldu þeir báðir að framkvæmd á þessu myndi vera tiltölulega mjög auðveld, og þar af leiðandi ekki mjög kostnaðarsöm.

Hinn möguleikinn er sá, að ná kvislum í Heiðarvatnið, sem nú renna í Miðhúsaána. Heiðarvatnið takmarkast að norðan af mjög mjóum og lágum hrygg, sem líklega er myndaður af mól og stórgrýti, þótt þao hafi sennilega ekki verið full-rannsakao. Hæð þessa hryggjar mun vera nálægt 12-14 metr. Norðan við hrygginn er allstór lægo, sem liggur aðeins hærra en Heiðarvatnið. Í kvos þess lægo, falla þær kvislar, sem mynda upptök Miðhúsaárinnar. Héraðsmegin takmarkast þessi kvos af lágum hólum. Virðist aðstaoa til fyrirhleöslu þarna vera þin ákjósanlegasta. Væri þarna gjöro fyrirhleösla myndi allstórt uppistöðuvatn myndast í lægoinni, sem nota mætti til vatnsmiölunar, ásamt Heiðarvatninu, ef skurður væri grafinn gegnum haftið milli vatnanna. ~~Auk þess~~ Myndi þetta auka heildarvatnsmagn Fjarðarár allverulega. Yrði þetta talið lítt eoa ekki framkvæmanlegt vegna kostnaðar, eoa einhverja erfiðleika, sem fram kynnu að koma við nánari athugun, ætti að vera tæknilegur möguleiki að leiða eina kvislina (aðalkvislina) beint í Heiðarvatnið.

Skotskur verkfræðingur, sem dvaldi á Seyðisfirði um skeið á hernámsárunum, og eg kynntist nokkuð, taldi ekkert því til fyrirstöou að

að byggja þrjú orkuver við Fjarðarána, og nýta þannig sama vatnið þrisvar. Eg hefi ekkert vit á þessum málum og get því ekki um það þorið, hvort þessi fullyrðing getur staðist tæknilega séð, né þá heldur hver ávinningur kynni að vera við það.

Áður en ráðist er í að lappa upp á Grimsársvirkjunin með nýjum stíflugerðum, sem einungis yrði til þess að fórna nýjum fjárfúlgum í fánytar framkvæmdir, og áður en reistar verða nýjar dieselstöovar, til þess þar með að reyna að bæta úr og breiða yfir öngþveiti það, er nú ríkir í þessum málum, vegna óstjórnar og ofstjórnar þeirra, sem um þau hafa fjallað, þá viroist full ástæða til að láta fara fram endurskoðun og athugun á öllum áætlunum og möguleikum í sambandi við Fjarðarána. Athuga í fullri alvöru hve mikilli orku hún myndi geta skilað, ef allt vatnsafl, sem hægt er að ná til er að fullu nytt. Slik athugun myndi sennilega leiða í ljós, að Fjarðaráin myndi geta skilað nægilegri orku, fyrir Austurlands-rafvæðinguna, um ófyrirsjáanlegan tíma, enda kemur að sjálfsögðu einnig til greina sú orka sem orkuverio við Grimsá framleiðir. Við höfum fjölda sérfræðinga í þessum málum, enda geta þeir stuðst við þær athuganir, sem þegar hafa verið gjörðar.

Hugleiðingum mínum um framkvæmd rafvæðingar á Austfjörðum er nú lokið, að minsta kosti í bili. Eg hefi reynt að draga fram í dagsljósið nokkrar staðreyndir í þessum málum. Það er þeirra sem framkvæmdunum hafa ráðið að gjöra hreint fyrir sínum dyrum, að svo miklu leyti sem þeir kunna að geta gjört það. Eins og áður fram tekio, þá tel eg þetta vera stórmál, sem þjócin á heimtingu á að verði skýrt nánar.

Sestur Þorunnar

Greinargerð.

Í tilefni af framboði til alþingis í Austurlandskjördæmi langar mig til að gera nokkra grein fyrir starfi mínu sl. kjörtímabil og helztu verkefnum, sem miðuðu þá því að efla fylgi flokksins.

1) Í kosningunum 1956, öllum ókunnugur, jók ég fylgi flokksins úr 358 atkvæðum í 411. Undanfarið hafði það stöðugt farið minnkandi.

2) Á kjörtímabilinu vann ég að því að kynnast persónulega fleiri og fleiri kjósendum, hélt jafnan nokkra fundi í kjördæminu með flokksmönnum og almenna fundi. Hafði margháttaða fyrirgreiðslu fyrir kjósendur eins og gerist.

3) Beitti mér fyrir, að ráðinn yrði sérstakur erindreki fyrir Austurl.

4) Ennfremur að gefið yrði út prentað hálfsmánaðarblað.

5) Skipulag flokksins var eflt, myndað héraðssamband, stofnað félag ungra Sjálfstæðismanna og samband þeirra.

6) Stofnaður sparisjóður á Egilsstöðum.

7) Athugað um stofnun verzlunarfélags á Reyðarfirði. Þótt ekki hafi orðið úr framkvæmdum, vann ég mikið í því máli. Kaupmaðurinn þar er nú að fara út kvíarnar - koma sér upp frystiaðstöðu - fyrir mína áeggjan og fyrirgreiðslu.

8) Ég álit undirstöðuatriði fyrir auknu fylgi flokksins, að atvinnutækin séu í höndum Sjálfstæðismanna. Vann mikið verk í þeim efnum, einkum meðal útgerðarmanna, greiddi fyrir batakaupum og hefi tekið á hendur miklar ábyrgðir því sambandi, þar sem annars var ekki kostur. Þá hefi ég lagt mig mjög fram um að vinna útgerðarmenn til fylgis við flokkinn og hefi áunnist mikið í því.

9) Þá tók ég frystihúsið á Seyðisfirði á leigu til að treysta aðstöðu flokksins og fækka viggjum andstaðinganna, en ekki í ábataskyni. Áhrif þess munu hafa náð út fyrir Seyðisfjörð.

10) Viðhorf manna til Sjálfstæðisflokksins í S. M. er nú breytt. Flokkurinn hefur nú áunnist sér þar traust, sem var sá mikið í molum áður, þegar kjördæminu var lítið sinnt milli kosninga

11) Skipulagði kosninguna síðast á helztu stöðunum með góðum árangri.

12) Það er erfið aðstaða að veza í framboði, þar sem engin von er til þess að ná kosningu og auðvelt að telja kjósendum trú um, að atkvæðið komi ekki að gagni, a. m. k. í kjördæminu. Þarna er líka við að etja tvö eina harðsnúnustu stjórnmálamenn andstöðuflokkanna, og annar þeirra hefur um langt árabil haft sérstöðu til að efla kjörfyrirgi sitt sem fjármálaráðherra, og hinn var einnig ráðherra mest allt síðasta kjörtímabil, og má nærri geta, hvort hann hefur ekki eitthvað lagað fyrir sér. - Samt fór það svo, að Sjálfstæðisflokkurinn jók fylgi sitt í S. M. úr 411 í 437 atkvæði, þegar hann í næstu kjördæmum tapaði 10%. Kommunistar töpuðu 10% þrátt fyrir fyrrgreinda aðstöðu.

13) Kommunistar og raunar Framsókn líka hafa lagt á það ofurkapp bæði í blöðum og á framboðsfundum, að ég yrði ekki í framboði í hinu nýja kjördæmi, og skýrir það sig sjálf.

14) Hvað framtíðinni viðvíkur álit ég, ef viturlega er til framboðs stofnað í hinu nýja kjördæmi, að hægt væri að gera sér vonir um að fá þar tvo menn kjörna innan tíðar, ekki í þessum kosningum, en ef til við næstu, þarf ekki að benda á hve mikilvægt það er að vinna hér á og í Norð-Austurlandskjördæminu, þar sem það eru einu kjördæmin, sem ekki er meirihl. Þá er úr sögunni að vera milli steins og sleggju og þá ætti að vinnast tími til að efla atvinnurekstur Sjálfstæðismanna og verzlunarsamtök. Að ráða niðurlögum kommunista í Neskaupstað er eitt af mörgum verkefnum sem bíða og hefðin ómetanlega pólitísk áhrif ekki aðeins á Austurlandi heldur um allt land. Ennfremur að stofna til sterkra verzlunarsamtaka á Egilsstöðum fyrir Fljótsdalshérað. Annars er ekki ástæða til að raða frekar um þetta.

Reykjavík, 6. ágúst 1959
Leinnótt Sigurðsson

Til formanns Sjálfstæðisflokksins Ólafs Thors.

Til varaformanns Sjálfstæðisflokksins Bjarna Benediktssonar.

Reykjavík, 19. júlí 1959.

Herra alþingism. Bjarni Benediktsson,
kæri vinur.

Ég talaði fyrir nokkrum dögum um, að ég myndi senda þér upplýsingar um S. H. og ég væri með í smíðum grein, sem svar við árásum Tímans, hvort sem hún yrði nú birt eða ekki.

Ég sendi þér nú erindi, er ég flutti á aðalfundi S. H. fyrir tæpum 2 mánuðum. Í því eru að mínu áliti ýmsar athyglisverðar athuganir um framtíðarskipulag höfuð-samtaka einkarekstursins í landinu. Tilgangur minn með því að flytja þetta var að vekja athygli félagsmanns á þróun þessara máli og hvar við erum á vegi staddir, ef við aðhöfumst ekkert. Málflutningur minn fékk nú samt ekki meir undirtektir en svæ að Sig. Ágústsson fann sig knúinn til að rísa upp og mótmæla, að þetta væri skoðun stjórnar S. H. þ. e. aftstaða mín til opinbera rekstursins og samvinnureksturs og framtíðarskipunar S. H., sem ég vil, að sé breytt í hlutafélag eða til vara, að um alla fjarfestingu séu mynduð hlutafélög. Gunnar Guðjónsson, sem hlýddi á erindið, var hinsvegar hlneykslaður á málflutningi Sig., var það nokkur raunabót! Annars er ég ekki að segja þetta til þess að kasta rýðð á Sig., heldur til þess að vekja athygli á, hversu margir fulltrúar einkarekstursins virðast ekki gera sér grein fyrir hattu, sem yfir vofir. Kristján Andrés-son (Bæj.útg. Hf.) og Gísli Konráðsson (Útg.fél. Akureyranga) skyldu hinsvegar strax, hvað um er að ræða.

Að ég þreyti þig nú með að lesa þetta yfir, er fyrst og fremst til að vekja athygli þína á mikilvægi S. H. fyrir einkareksturinn og Sjálfstæðisflokkinn.

1) Ef vinstri öflin sameinast nú um stjórnarkosningu í S. H. og nokkrir, kannske 5, óánægðir einkarekstursmenn, sem langar til að komast í stjórn, myndu þeir hafa við helminginn af atkvæðamagninu, svo glöggst stendur það. Stæsta og minsta frystihúsið hafa jafnan atkvæðisrétt, 1 atkvæði.

2) Ég er sannfærður um, að fylgi Framsóknarflokksins á Austurhellingi landsins og kommunista í Neskaupstað, byggist á, að kaupfélögin og komm-ustar hafa svo til alla verzlun og atvinnutækin einkum frystihúsin í sínum höndum. Þar sem kaupfélögin hafa þetta 100% eins og á Stóðvarfirði og Djúpavogi er hver einasti kjósendi eða segjum 95%, við eigum t. d. 2 atkv. á Stóðvarfirði, fylgjandi Framsóknarflokknum. Það er leikur fyrir Framsókn og kommunista, ef þeir ná yfirráðum yfir S. H., að leggja undir sig að miklu leyti frystihúsin á ves turhellingi landsins og þar með að miklu leyti sjalvarútveginn. Frystihúsin eru svo háð S. H., að með ófyrirleitinni stjórn er ekkert auðveldara. Menn, sem eru fylgjandi einkarekstri og eru sjalfir þar frammarlega í flokki, eru líka alltaf tilbúnir til að gera gælur við, og meira en það, kommunistaráðherra, sem auðvitað stefnir að því eina markmiði að koma þeim fyrir katt arnef. Á hinn bóginn er líka hægt að sveigja frystihús, sem eru í höndum þeirra, sem eru andstæðir einkarekstri í áttinu yfir til hans, ef þar er markvisst að unnið. Sambandið kvarnar nú árlega 1-2 frystihús úr S. H. (Keflavík, Grundarfjörð og Dransnes), en það er önnur saga.

Og þá vaknar sú spurning, hvernig komið væri fylgi Sjálfstæðisflokksins eftir að Framsókn, kommunistum og Alþýðuflokknum, sem lengst af hefur límt sig upp að Framsókn, hefðu náð þessu mikilvæga vopni í sínar hendur. Sporin af austurhellingi landsins hræða í þeim efnum. Það má vera, að þetta sé óþarfa ótti hjá mér, en ég get ekki séð betur en að þetta hangi eins og er á hálmstrái, ég á við yfirráð einkarekstursins eða samvinnuega og opinberarekstursins yfir S. H. Nú batist Jón Axel í hóp vinstri manna, sem einhver töggur er í. Þá hefur ekki vantað annað en forystuna.

3) Það er svo önnur hlið á þessu máli, hversu xverið er að byggja upp miklar eignir innan S. H., sem raunverulega eru ekki eingir neins. Þetta kallar á afskipti þess opinbera og löngun pólitíkkusanna, vinstri aflanna til íhlutunar. Ef S. H. er hlutafélag verður það ekki tekið af eigendunum nema með mati samkvamt stjórn þránni. En eins og S. H. er nú, er hægt að ráða niðurlögum hennar í núverandi formi, ef vinstri

stjórn sáti við völd einfaldlega með því að styðja við bakinu á vinstri öflunum í S. H. eða bara með því að láta útflutningsnefnd eða einhverja aðra stjórnarlegáta setjast hreinlega í stjórnarstólana svo háð eru frystihúsin ríkisvaldinu. Þá yrðu mönnum greiddar inneignir þeirra, sem við nefnum "sjóði", með verðbólgukrónum, en eignirnar innanlands og erlendis, ~~veru~~ sem væru margfaldar að verði, væru orónar eign ríkisins, ef ekki Sambandsins. Hvað væri það meira, þótt Sambandið leggði undir sig frystiðnaðinn heldur en mólkuðnaðinn og að langmestu leyti sláturhúsin. Þeir myndu áreiðanlega getað verzlað við kommunista t. d. með því að afhenda þeim yfirráðin yfir verkafélögum, ef þannig stæði á.

4) Ég vildi, að þú settir þig sem bezt inn í þessi mál og ef til vill, ef þér þætti það þess vert, að við ræddum nánar um þau og reyndum að koma okkur niður á einhverri ákveðinni stefnu til að fara eftir. Ég óttast að láta þetta svífa þannig í lausu lofti og vera á valdi tilviljana hversu til tekst, jafnvel á sama tíma og andstæðingar okkar keppa hér að settu marki.

Með bestu kveðju,
